

**Nd.**

### **379. Nefndarálit**

um frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátautveg og smáiðju.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hafa skoðanir nefndarmanna skipzt. Meiri hlutinn vill samþykkja það næstum óbreytt, en 1. minni hluti vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá. Hvoruga leiðina get ég fallizt á.

Um aðalatriði frv. er ég sammála, rekstrarlánþörfina og þá upphæð, er til hennar skal verja.

Hinsvegar get ég ekki fallizt á það form, er frv. gerir ráð fyrir að verði á rekstrarlánafélagunum. Enda virðist frv. útiloka alla, sem ekki eru eigendur báta eða iðjufyrirtækja. Eins og kunnugt er, er fjöldi sjómanna ráðinn fyrir hlut og afla, og eiga þess kost að verka hann, og á þann hátt að gera hlutinn sér verðmætari. En til þess að geta þetta, þurfa þeir á lánum að halda, svo lengi sem aflinn er ekki seldur. Samkvæmt tillögum þeim, er hér fara á eftir, ætlast ég til, að sjómenn stofni samvinnufélög án tillits til, hvort þeir eru eigendur framleiðslutækjanna, meðeigendur eða eingöngu verkamenn, er eiga sinn þátt í framleiðslunni.

Tillögur minar miða til þess að hvetja sjómenn til samvinnu og gera þeim kleift að koma henni við um eitt og annað, er atvinnurekstrinum tilheyrrir, og allir geta verið þar með, sem vilja.

Ég sé enga ástæðu til að lögþjóða aðrar reglur en nú gilda um samvinnufélög, og felli því þau ákvæði niður úr frv. Aðrar breytingartillögur eru afleiðingar af þessu.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með þessum

#### **BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Fiskveiðasjóði Íslands er heimilt að veita rekstrarlán frá ári til árs samvinnufélögum sjómanna og útvegsmanna, sem stofnuð eru og starfrækt í því skyni að afla fiskjar og gera hann að seljanlegri vöru, eftir því, sem bezt þykir henta fyrir erlendan sem innlendan markað, svo og til smærri iðjufyrirtækja til hagnýtingar aflans, eða á annan hátt útveginum til þróunar.

Félög þessi skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög með skyldum og réttindum samvinnufélaga.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Rekstrarlán þessi skulu veitt sem reikningslán og eigi til lengri tíma en 1 árs í senn og greiðast að fullu ásamt áföllnum vöxtum innan þess tíma. Skal miða hámark lánanna við atvinnurekstur félagsmanna, lánsþörf og greiðslugetu félagsins.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Samvinnufélögin skulu setja lánsstofnun þeirri, er þau skipta við, fullnægjandi veð fyrir reikningslánnum þessum, eins og þau eru hæst á hverjum tíma.

Félagsmenn ábyrgjast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiðslu á reikningsláns-skuld félagsins. Óveiddur afli er veðhæfur sem trygging, enda liggi fyrir yfirlýsing útvegsmanns og skipshafnar um, að þeir leyfi veðsetninguna.

4. Við 4., 5., 6. og 7. gr. Greinarnar falli niður.

5. Við 8. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:

Til þess að tryggja samvinnufélögum þeim, er um ræðir í 1. gr., starfsfé, skal ríkisstjórnin ábyrgjast allt að 3 milljóna króna reikningslán frá ári til árs, og skal þessi reikningslánsstarfsemi vera sérstök deild í Fiskveiðasjóði Íslands og lúta sömu yfirstjórn og sá sjóður hefir.

6. Við 9. gr. Greinin verði 5. gr. og orðist svo:

Af fé því, sem ræðir um í 4. gr., veitir Fiskveiðasjóður Íslands lán til sparisjóða, banka og bankaútibúa utan Reykjavíkur með þessum skilyrðum:

a. Peningastofnanir þessar mega eingöngu nota féð til þess að lána það út til samvinnufélaga samkvæmt lögum þessum.

b. Þær endurgreiða lánin, ásamt vöxtum, á tilsettum gjalddaga.

c. Vextir miðast á hverjum tíma við lánskjörin á láni því, er um ræðir í 4. gr., að viðbætti framfærslu, er fjármálaráðherra ákveður.

7. Við 10. gr. Greinin verði 6. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um samvinnufélög þau, er hér um ræðir, og gefið út leiðbeinandi fyrirmyndir að samþykktum þeirra.

8. Við 11. gr. Greinin verði 7. gr.

9. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um rekstrarlán fyrir samvinnufélög sjómanna og útvegsmanna og til smáiðju.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Sigurjón Á. Ólafsson.